

Fyrsti fundur nýrrar hafnarnefndar, fundurinn haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar kl. 12:00.

Mætir eru: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Birgir Ingvarsson og Gunnólfur Lárússon hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn og bauð nýja hafnarnefnd velkomna til starfa, jafnframt var spurt hvor einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun, engar athugasemdir voru gerðar.

#### Dagskrá .

##### **1. Staða hafnarinnar.**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu verkefnisins við hafskipabryggjuna sem er nú formlega lokið.

##### **2. Næstu verkefni.**

Rætt var um næstu skref og leggur hafnarnefndin til að senda erindi til Siglingastofnunar um dýpkun og stækkun á snúningsreit innan hafnarinnar á Þórshöfn og dýpkun í Bakkafjarðarhöfn, hafnarstjóra falið að senda inn erindi til Siglingastofnunar.

Samþykkt samhljóða.

##### **3. Drög af erindisbréfi.**

Hafnarstjóri lagði fram drög að erindisbréfi sem verða tekin fyrir á næsta fundi.

Samþykkt samhljóða.

##### **4. Önnur mál.**

Rætt var um myndavélar við hafnirnar og var hafnarstjóra falið að vinna í málinu með Rafni og ætlar Ísfélagið að greiða 50% af kostnaði við myndavélina á Þórshöfn með þeim fyrir vara að Ísfélagið hafi aðgang að vélunum.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundargerðin upplestin og samþykkt

Fundi slitið kl.13: